

Kristján Erlendsson læknir berst fyrir því að fá að vinna á óskertum kjörum á Landspítala og fá sömu tækifæri og fólk undir sjötugu. Mynd/gag

Ríkið sparar 20 milljónir á Kristjáni

Kristjáni Erlendssyni lækni reiknast til að ríkið hafi nú sparað um 20 milljónir króna frá því að honum var sagt upp störfum vegna aldurs og endurráðinn í sama starf á skertum hlut – vegna aldurs: „Ég lækkaði um 30% í launum á einum afmælisdegi“

■■■ Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir

„Í september verða fjögur ár frá uppsögninni og þá hef ég unnið í 48 mánuði á um 400.000 krónum lægri mánaðarlaunum en ég gerði fyrir sjötugt,“ segir Kristján Erlendsson lyf-, ofnæmis- og ónæmislæknir, sem stendur nú í tvennum málaferlum gegn íslenska ríkinu.

Önnur eru vegna launaskerðingarinnar sem honum, eins og mörgum öðrum læknum sem náð hafa eftirlaunaaldri en nýtast enn í starfi, er gert að sæta. Hin vegna forstöðumannsstöðu sem hann sóttist eftir en fékk ekki brautargengi í vegna aldurs. Honum finnst að lög sem banna mismunun á vinnumarkaði hafi verið brotin gagnvart honum.

„Aldursfordómar,“ segir Kristján um greinargerð sem lögmaður íslenska ríkisins lagði fram í Landsrétti. Kristján, sem tapaði báðum málum í héraðsdómi, hefur meðal annars gegnt framkvæmdastjórastöðu á Landspítala og taldi sig því vel hæfan í forstöðumannsstarfið. Starfsgeta hans sé dregin í efa í greinargerðinni þar sem aldur hans er sagður auka líkur á að hann sé kulnaður og að marktæk tengsl séu milli vaktavinnu og vitsmunalegrar skerðingar og að langvarandi streita auki líkur á mistökum.

„Ég vann aldrei svona vaktavinnu! Það gengur ekki að segja að af því að þú sért sjötugur sértu ómögulegur. Það verður að nota annan mælikvarða en aldur,“ segir Kristján, sem enn starfar á Landspítala: „Og ég hef verið beðinn um að gera það ár í viðbót.“

Á sama tíma og hæfni hans sé dregin í efa í stöðuveitingarmálinu hafi starfsfólki fækkað á deild hans og hann sinnt fleiri sjúklingum en áður. Krafta hans sé því enn óskað. Þá sé hann með mörg járn í eldinum. Vinni með fleirum að því að koma á fót sérfræðilæknanámi í ofnæmis- og ónæmislækningum við Landspítala. Þá sé hann í vinnuhópi sem fjallar um brjóstapúða, myglu, ME-sjúkdóminn og langtímaáhrif COVID.

„Ég er á fullu í nýjum verkefnum og að mér sé boðin framlenging á 6 mánaða eða árs fresti hlýtur að vera viðurkenning á starfshæfni minni. Það væri grafalvarlegt fyrir yfirmenn mína að treysta mér, væri ég svona glataður eins og greinargerðin ber með sér.“ Kristján gefst ekki upp og reynir því í Landsrétti áfram að ryðja veginn fyrir kollegana og fá virði starfsframlags þeirra metið sem fyrr og aldurinn metinn afstæðan.

Alls starfa 120 læknar hér á landi sem náð hafa sjötugu samkvæmt tölum Læknafélags Íslands. Á Landspítala starfa þeir á tímavinnusamningi en heilbrigðisráðherra hefur lagt fram frumvarp sem leyfir læknum að starfa til 75 ára. Það er ósamþykkt.

Steinunn Þórðardóttir, formaður Læknafélagsins, segir starfskrafta þeirra lækna sem kjósi að starfa eftir sjötugt gríðarlega verðmæta. „Á mörgum starfsstöðvum gegnir þessi hópur lykilhlutverki í að draga úr alvarlegum mönnunarvanda. Það er með öllu ótækt að þessi reynslumikli hópur sitji ekki við sama borð og aðrir þegar kemur að launakjörum og öðrum réttindum."

Kristján segir marga hafa bent honum á að hætta bara í stað þess að sætta sig við launalækkunina. „En þetta er það sem ég vil gera. Golfið myndi ekki halda mér gangandi.“

Læknablaðið
THE ICELANDIC MEDICAL JOURNAL

Hlíðasmára 8
201 Kópavogi
sími 564 4104

Útgefandi
Læknafélag Íslands

Ritstjórn
Helga Ágústa Sigurjónsdóttir, ritstjóri og ábyrgðarmaður
Berglind Jónsdóttir
Gunnar Thorarensen
Halla Viðarsdóttir
Ingibjörg Jóna Guðmundsdóttir
Lilja Sigrún Jónsdóttir
Oddur Ingimarsson
Ólafur Árni Sveinsson

Tölfræðilegur ráðgjafi
Sigrún Helga Lund

Ritstjórnarfulltrúi
Védís Skarphéðinsdóttir
vedis@lis.is

Blaðamaður
Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir
gag@lis.is

Auglýsingar
Ingvar Freyr Ingvarsson
ingvar@lis.is

Umbrot
Margrét E. Laxness
melax@lis.is

Prófarkalestur
Aðalsteinn Eyþórsson

Upplag
1850

Áskrift
23.400,- m. vsk.
Lausasala
2340,- m. vsk.

Prentun og bókband
Litróf
Vatnagörðum 14
104 Reykjavík

Dreifing
Íslandspóstur
Höfðabakka 9
110 Reykjavík

© Læknablaðið
Læknablaðið áskilur sér rétt til að birta og geyma efni blaðsins á rafrænu formi, svo sem á netinu. Blað þetta má eigi afrita með neinum hætti, hvorki að hluta né í heild, án leyfis.

Fræðigreinar Læknablaðsins eru skráðar (höfundar, greinarheiti og útdrættir) í eftirtalda gagnagrunna: Medline (National Library of Medicine), Science Citation Index (SciSearch), Journal Citation Reports/Science Edition, Scopus og Hirsluna, gagnagrunn Landspítala.

The scientific contents of the Icelandic Medical Journal are indexed and abstracted in Medline (National Library of Medicine), Science Citation Index (SciSearch), Journal Citation Reports/Science Edition and Scopus.
ISSN: 0023-7213